



Greinagerð skipulagsfulltrúa

Varðandi	Aðferðafræði vegna skipulagsvinnu við Jaðarsbakka
Málsnr.	2304-154
Dags.	29.06.2023
Ábyrgðaraðili	Halla Marta Árnadóttir, skipulagsfulltrúi

TILLAGA:

Lagt er til að aðferðafræði við hönnun deiliskipulags fyrir Jaðarsbakka verði á þá leið að Akraneskaupstaður og Ísold velji saman þrjár arkitektastofur til að vinna þrjár aðskildar tillögur að frumhönnun svæðisins.

Lagt er til að samþykktur verði viðauki fyrir fjárveitingu vegna einskiptiskostnaðar við frumhönnun deiliskipulags fyrir Jaðarsbakka að fjárhæð 4.500.000 kr. fyrir árið 2023. Kostnaður Akraneskaupstaðar er 50% á móti Ísold í samræmi við viljayfirlýsingu dagsetta 7. mars 2023.

Í samræmi við ofangreinda viljayfirlýsingu er jafnframt lagt til að Akraneskaupstaður í samstarfi við Ísold og í samráði við ÍA og KFÍA nýti ofangreindar tillögur í áframhaldandi deiliskipulagsvinnu.

GREINARGERÐ:

Aðalskipulagsbreyting verður unnin af Árna Ó skipulagshönnuði, Aðalskipulags Akraness 2021-2033, útfrá endurskoðun deiliskipulags á svæðinu.

Vinna við deiliskipulag á svæðinu hefjist með því að Akraneskaupstaður og Ísold velja saman þrjár arkitektastofur til að vinna hver sína frumhönnun að skipulagi fyrir Jaðarsbakka samanber áherslur í skipulagslýsingu. Mikilvægt er að leita til aðila sem hafa reynslu á áherslum skipulagsins sem fram koma í skipulagslýsingunni.

Hönnunarstofurnar fá 6 vikur til þess að vinna frumhönnun og hafa á þeim tíma aðgengi að öllum upplýsingum, embættismönnum og öðru því sem þær þurfa til verksins. Reiknað er með að vinna hönnunarstofanna hefjist í ágúst 2023 og ljúki í september 2023.

Hægt verður að nýta hugmyndir að frumhönnun svæðisins frá einni stofu eða fleirum, fá nýjan aðila til að halda áfram vinnunni við deiliskipulagið eða velja einn aðila af þessum þremur (eða fleiri) til að koma að áframhaldandi deiliskipulagsvinnu. Tillögur verða að fullu eign verkkaupa án takmarkana.

Skipulags- og umhverfisráð mun í samráði við aðila að viljayfirlýsingu taka endanlega ákvörðun um framhald deiliskipulagsvinnu. Ákvörðunin verður kynnt fyrir íbúum.